

Truenorth ehf.  
Suðurlandsbraut 4  
108 Reykjavík

Vestmannaeyjum 15. apríl 2019  
UST201904-146/09.08.02  
09.08.02

### **Efni: Umsókn - akstur utan vega við Kleifarvatn**

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Truenorth ehf., dagsett 11. apríl 2019, um leyfi til aksturs utan vegar innan Reykjanesfólkvangs í tengslum við kvikmyndatöku í einn dag á tímabilinu 14.-16. apríl.

Reykjanesfólkvangur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. auglýsing í Stjórnatíðindum nr. 520/1975. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Umhverfisstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvikmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

#### **Lýsing verkefnis:**

Til stendur að taka upp tónlistarmyndband við Indjánann í fjörunni við Kleifarvatn. Leikmynd sem nota á við tókurnar er það þung að flytja þarf hana á bíl. Um er að ræða grind sem tónlistarmaðurinn notar í mörgum af sínum lögum. Til að koma grindinni á sinn stað þarf að keyra 170 metra á sendibíl og tveimur jeppum niður í fjöruna. Leiðin sem til stendur að keyra er sýnd á loftmynd í fylgigögum með umsókn. Verið er að vinna í sandi allan tímann og verður rakað eftir öll för að tókum loknum. Að tókunum koma 21 manns.

#### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur umrætt verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð á áhrif á verndargildi svæðisins sé farið að þeim skilyrðum sem sett eru í leyfi þessu. Svæðið sem um ræðir er ógróið og hægt að fjarlægja ummerki eftir aksturinn að tókum loknu.

#### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir Truenorth fyrir sitt leyti leyfi fyrir akstri utanvegar við Kleifarvatn, sbr. lýsingu hér að ofan þann 16. apríl 2019 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.

- Allur akstur farartækja utan þeirra sem getið er í verkefnislýsingu sem notuð eru við flutning á leikmynd utan vega er bannaður. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlæggt.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.


**Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna á grundvelli 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um akstur utan vega er kr. 39.400- sbr. 24. gr. a. í gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst



Sigrún Agústs dóttir  
sviðsstjóri



Þórdís Vilhelmina Bragadóttir  
sérfræðingur